

Svör frá stjórnmalaflokkum. Spurning 4.

Að mati hópsins þarf verulega að bæta aðbúnað og aðstöðu í skólum til þess að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar, sbr. það sem fjallað er um í spurningu 3. Má til að mynda nefna húsrúm fyrir sérúrræði innan skólanna. Hvernig sér þinn flokkur fyrir sér að hægt sé að bæta þá þætti innan skóla án aðgreiningar?

Punktur úr svörum framboðanna. Öll svörin má finna á samfok.is

- A – Björt framtíð segir að skóli án aðgreiningar geri kröfu á almenna grunnskóla, að þeir séu í stakk búinir til þess að taka við öllum nemendum og veita þeim menntun og aðstöðu við hæfi, óháð fötlunum, skerðingum eða sérþörfum. Bæta þarf þá skóla sem ekki uppfylla þau skilyrði og aðstöðu sem nauðsynleg er.
 - B – Framsókn Allt skólaumhverfið verður að vera í stakk búið til að sinna þeirri skyldu sinni að mæta ólíkum þörfum nemenda.
 - C – Viðreisn er meðvituð um að fjárhagsvandi sveitarfélaga bitnar á getu þeirra til þess að mæta þörfum skólakerfisins og vill leitast við að leysa þann vanda. Flokkurinn vill auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum og koma á fót sérstökum innviðasjóði sem fari til uppbyggingar á kjarnastarfsemi um landið allt.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn telur að taka eigi ákvarðanir sem styðji við menntun án aðgreiningar á grundvelli niðurstöðna úttektar á námi án aðgreiningar sem liggi fyrir í lok þessa árs.
 - P – Píratar vilja að sveitarfélögin séu fjárhagslega sjálfstæð svo þau geti veitt þá grunnþjónustu sem þeim er skylt.
 - R – Alþýðufylkingin segir að öll opinber rými eigi að vera aðgengileg fyrir alla.
 - S – Samfylkingin vill vinna með fagfólki og foreldum að skóla án aðgreiningar og meta í samráði hvernig húsrúm og peningar eru best nýtt til að vinna að skóla án aðgreiningar.
 - T – Dögun vilja með sterku stuðningsneti fjölbreytra starfskrafta bjóða nemendum að vera sem meðst með sínum bekk og nýta þannig það rými sem til er. Þau segja að oft hafi sveitarfélög ekki burði til að byggja við skóla og því þurfi að nýta það rými sem til er á hagkvæman hátt.
 - V – Vinstri græn segja að skoða þurfi húsnæðismál skóla heildstætt á landsvísu til að tryggja jafnréttiskröfu. Þau vilja skoða sérstakar fjárveitngar úr ríkissjóði til að gera þetta.
-

SAMFOK, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ADHD samtökin, Einhverfusamtökin, Sjónarhóll, Olnbogabörn, Umboðsmaður barna, Heimili og skóli – Landssamtök foreldra, Landssamtökin Þroskahjálp, Umhyggja – félag langveikra barna, UNICEF á Íslandi, Foreldraráð Hafnarfjarðar, Málefli, Tourette-samtökin.